

41

14. maí

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir Reykjavíkurkaupstað lán til hitaveitu.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán fyrir Reykjavíkurkaupstað til hitaveitu, allt að 6,3 milljónum króna, eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, þó aldrei yfir 90% af stofnkostnaði hitaveitunnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. maí 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

42

14. maí

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að taka lán.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni á yfirstandandi ári fyrir hönd ríkissjóðs allt að 5 milljónum króna, eða jafngildi þeirra í erlendri mynt, enda verði 1 milljón króna af þeirri upphæð notuð til verksmiðjubýggingar á Raufarhöfn.